

## Nautastöð Bí á Hesti í Borgarfirði:

## Nýtt naut í notkun

Guðmundur Jóhannesson  
ábyrgðarmaður í nautgripa-  
rækt  
mundi@rml.is



Fyrir skömmu birtist yfirlit um reynd naut í notkun hér á síðum blaðsins. Nú hefur verið keyrt nýtt kynbótamat fyrir afurðir og frumutölu síðan þetta yfirlit birtist. Hins vegar urðu það litlar breytingar á nautunum að lítil ástæða er til endurtaka það sem áður hefur verið sagt um þau.

Rétt er þó að taka fram að Loki 12071 lækkaði um eitt stig og stendur nú í 107 í heildareinkunn. Þá hækkuðu Hæll 14008, Hnykkur 14029, Stáli 14050 og Bjarki 15011 allir um eitt stig. Svampur 15027 og Ábóti 15029 styrktu sína stöðu með hækkingu um tvö stig.

Fagræð í nautgripærækt ákvað að setja eitt nýtt naut í notkun sem reynt

naut og er þar um að ræða Flóða 15047 frá Hnjúki í Vatnsdal. Flóði er sonur Bamba 08049 móðurfaðir var heimanaut undan Fonti 98027. Afurðageta Flóðadætra er í meðallagi en kostirnir felast einkum í góðri júgurgerð, sterku júgurbandi og vel bornum júgrum, og frábærum mjöltum. Hafa þarf í huga að Flóði gefur mjög netta spena. Flóði er með 108 í heildareinkunn. Frekari upplýsingar um Flóða er að finna á nautaskra.net og þá mun ný nautaskrá koma út innan tíðar.

Meginástæða þess að ekki var hægt að taka afstöðu til fleiri nauta úr 2015-árgangnum er sú að enn skortir á upplýsingar úr mjaltaathugunum. Því miður er staðan sú að skil á þeim hafa versnað frá því sem áður og er nú svo komið að þetta er þrengsti flöskuhálsinn er að afkvæmadómi nautanna kemur. Það er því full ástæða til að hvetja menn til að skila mjaltaathugnum hið fyrsta.



Flóði, nýja nautið í Nautastöðinni á Hesti í Borgarfirði. Flóði er sonur Bamba 08049, móðurfaðir var heimanaut undan Fonti 98027. Afurðageta Flóðadætra er í meðallagi en kostirnir felast einkum í góðri júgurgerð, sterku júgurbandi og vel bornum júgrum, og frábærum mjöltum. Hafa þarf í huga að Flóði gefur mjög netta spena. Flóði er með 108 í heildareinkunn.

Mynd / SE

## Bæklingur um fóðrun og aðbúnað ungválfra á mjólkurskeiði

Kallað hefur verið eftir auknu fræðsluefni um nautakjötsframleiðslu og lagði RML, í samstarfi við Framleiðisjóð, af stað í gerð fræðslubæklinga um nautakjötsframleiðslu.

Fóður- og nautgripæræktarhópur RML hóf vinnslu bæklinga síns en þegar vinnan var hafin þá hefði fræðsluefnið orðið mjög yfirborðskent ef allt ferli nautakjötsframleiðslu væri undir í einum stuttum bæklingi. Það varð úr að

mismunandi skeiðum framleiðslunnar var skipt upp og stefnan er að gera röð bæklinga með mismunandi tímabil framleiðslunnar í huga.

Nú er fyrsta afurðin í þessari röð komin út en fjallar sá bæklingur um ungválfra á mjólkurskeiði, en þessi bæklingur á jafnt við nautakjötsframleiðslu og mjólkurframleiðslu. Lifandi og heilbrigðir kálfar eru lykilatriði í nautakjötsframleiðslu og eins og sagt er:

„Lengi býr að fyrstu gerð!“ Hér er um að ræða einstaklega viðkvæmt tímabil og mistök á þessu tímabili geta lítið líf kálfsins í lélegra heilsufari og minni vexti. Farið er í gegnum fyrstu tíma kálfsins, mikilvægi broddmjólkur, mjólkur-, kjarnfóður- og gróffóðurgjöf og aðbúnað en ef þessi atriði eru í lagi skilar það bóndanum betri gripum og auknum hagnaði. Bæklingurinn er aðgengilegur á vefsíðu RML, rml.is.



Framleiðsla nautakjöts I

Fyrstu skrefin

Um fóðrun og aðbúnað ungválfra á mjólkurskeiði

## Bændablaðið

Næsta blað kemur út 22. október

Dreift í 32 þúsund eintökum á yfir 420 dreifingarstaði og lögbýli á Íslandi

## LESENDABÁS

## Ekki meira hringl með landbúnaðarstefnu

Um nokkra hríð hefur umræða um að móta beri stefnu í landbúnaði aukist hér á landi. Bændur greinir þó á í þessum efnum eins og öðrum. Við höfum til dæmis horft upp á kúvendingar meðal bænda um hvert skuli stefna með stjórn á framleiðslumagni mjólkur. Á örfáum árum fór stefnan úr því að leggja niður kvótakerfi í það að festa kerfið í sessi. Stærri hluti þeirra fjármuna sem hið opinbera setur í stuðning við mjólkurframleiðslu er nú fest við kvótann.

Síðustu tíu ár hafa sex ráðherrar setið í landbúnaðarráðuneytinu. Allir hafa þeir haft góðan hug til landbúnaðar og ýmsum framfarumalúnum verið þokad áfram. Á þessum tíma hafa þó einnig verið gerðir misgöðir tollasamningar. Ásetningarhlutfall í sauðfjárbúskap hefur einnig aukist og bændur verið hvattir til að fjölga fé til útflutnings. Blaðinu var svo snúið við þegar sú tilraun sigldi í strand. Tilraun var gerð með búvörusamninga til lengri tíma en var svo breytt talsvert til að mæta nýjum aðstæðum og viðhorfsbreytingu bænda. Af þessu súpa bændur nú seyðið. Treglega gengur að ná upp

afurðaverði á lambakjöti og lítil hreyfing er á greiðslumarki í mjólk sem þó er augljóslega þörf á ef slíkt kerfi á að ganga upp til lengri tíma. Svona hringl, hvort sem það er vegna sviptinga meðal bænda eða stjórnmalamanna, er landbúnaðinum ekki til framdráttar.

## Stefnufestu er þörf

Nú á að móta landbúnaðarstefnu á næstu mánuðum. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur skipað verkefnastjórn sem á að móta stefnuna með víðtæku samráði. Það er ágætt vegna þess að eigi slík stefna að standast tímans tönn og gera gagn þarf hún að þola gagnrýni frá öllum köntum og að kjarninn sé skilinn frá hisminu. Forvinna hefur átt sér stað í formi „sviðsmyndagreininga“. Þar held ég að mikilvægt sé að þeir sem stefnuna móta myndi sér sjálfstæða skoðun á forsendum þeirrar greiningar en taki ekki við sviðsmyndunum sem steintöflum af Sínaifjalli.

Til að stefnan sé fest í sessi má líta til hvernig hefur gengið á öðrum vígstöðvum að móta sátt um meginmarkmið. Fyrir rúmu ári var



Kári Gautason.

samþykkt þingsályktun um heilbrigðisstefnu á Alþingi með engu móttakvæði. Þeirri stefnu fylgir aðgerðaráttun sem uppfærð er reglulega. Þannig er skýrt fyrir alla þá sem vinna innan kerfisins hvert stefnt er og fjármunum forgagnsraðað til að ná markmiðum.

Þessi nálgun er nokkuð sem ég tel að geti verið gagnlegt að horfa

til. Talsvert gagn væri af því að landbúnaðarstefna væri lögð fyrir Alþingi til að dýpka umræðuna um landbúnaðarmál þar – en á því er ekki vanþörf. Ég hef trú á því að umræða á grundvelli staðreynda og þekkingar myndi skapa sátt um þá stefnu sem mótuð er og lyfta henni uppúr þeim skotgröfum sem við þekkjum mætavel. Það er komið gott af því að stefnumótun í landbúnaði sé eins og lauf í vindi og feykist fram og aftur í hvert skipti sem að nýr ráðherra kemur í ráðuneytið. Sé stefnan ekki staðfest í formi þingsályktunar er hætta á því að hún sé eins og sölnað haustlauf næst þegar lykklaskipti verða í ráðuneytinu.

## Ný sýn byggð á þekkingu

Þó það skipti máli hvernig stefnan er gerð og hvað er gert við hana þá er það auðvitað innihaldið sem skiptir meginmáli. Þekkingarsköpun á sviði landbúnaðar hefur verið gríðarleg síðustu tíu ár. Árið 2010 hefði engum dottið til hugar að hina nýtilkomnu erfðamarkærækt væri hægt að nýta í hinum smáa íslenska kúastofni. Eða að raunhæft gæti verið að framleiða áburð í heimahúsum, flytja út wasabi

og svona mætti lengi telja. Nú hefur verið sýnt fram á að erfðamarkærækt sé vel framkvæmanleg hér á landi. Hún er örugg og það er jafn ljóst eins og grasið grænkar á vorin að hún skilar árangri. Það eina sem þarf er að byrja og það fyrr en seinna. Vegna þess hraða sem hefur verið í tækniþróun er mikilvægt að fólkið sem mótar þessa vinnu sé ekki of fast í hugmyndum liðinnar aldar. Tuttugasta öldin var öld áburðar, útflutningsbóta, framleiðslustyrkja og olíu. Ný öld hefur fært okkur ótal tækninýjungar og mikla þekkingu. Viðfangsefni nýrrar landbúnaðarstefnu ætti að vera hvernig við getum aftengt íslenskan landbúnað erlendum aðföngum eins og kostur er. Með því er hægt að auka fæðuöryggi og gera okkur klár í að takast á við stærsta verkefni okkar tíma, loftslagsbreytingar. Við höfum verið kyrfilega minnt á að það er ekki hræðsluáróður að landið geti lokast. Samhliða þessu þarf að breikka grundvöll búsetu í sveitum þar sem tækniþróun munu áfram leiða til aukinnar hagræðingar og því þurfa nýjir sprotar að fá að skjóta rótum.

Kári Gautason